LÖG

um verðjöfnunargjald af raforku.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðast þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Hækkun gjaldsins um 6% skal varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þessum aðilum. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 kemur: 1979.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. mars 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Stjórnartíðindi A 4, nr. 5—6. Útgáfudagur 14. mars 1979.